



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á alþjóðlegu fornsagnaþingi
Reykjavík
13. ágúst 2018**

Mennta- og menningarmálaráðherra, rektor,
skipuleggjendur og þátttakendur fornsagnaþings.
Dear friends, kære venner

Ég fagna því að vera með ykkur á fornsagnaþingi. Hér verða Íslendingasögur og lagaritun í öndvegi næstu daga á þessu fjölsóttu og metnaðarfulla þingi; þessum heimsleikum íslenskra fornsagna. Okkur Íslendingum er ómetanlegt að svo fjölmenn sveit fræðafólks um víða veröld rannsaki fornbókmenntir okkar af ólíkum sjónarhólum, með aðferðum ólíkra fræðigreina.

Þing og stefnur eru fræðunum brýn. Hitt er einnig mikilvægt að hinir sérfróðu hugi sífellt að því hvernig vinnu þeirra og sjónarmiðum verði best miðlað til annarra í samfélaginu. Nýlega skrifaði Guðmundur Andri Thorsson um stúdent sem hóf nám í Norrænudeild Háskóla Íslands rétt fyrir miðja síðustu öld en snerist svo hugur, uppgefinn á greiningu smáorða í fornkvæðum. Hvað hefði getað gerst ef hann hefði ekki þrotið erindið? Jú, Thor Vilhjálmsson rithöfundur hefði jafnvel orðið „...norrænufræðingur með þverslaufu og í flókaskóm að hita sér te í Árnagarði milli þess sem hann heldur áfram að rýna í Vilmundarsögu viðutan“.

Höfundur þessara orða gerði að gamni sínu og myndi allra síst lasta þá göfugu iðju að fræðast um fornar menntir. En vissulega er hætt við að þeir sem það gera með góðum hug freistist til þess að sinna bara sínu, finni í horfnum heimi skjól fyrir næðingi okkar daga, argaþrasi og grunnhyggni, þröngsýni og auknum öfgum.

Þetta verður hins vegar að varast. Fræðafólk má ekki bara dvelja í fílabEinsturninum, ef svo má segja, heldur þarf það líka að halda út á torgið og

miðla sínum fróðleik til almennings. Ekki þarf að óttast viðtökur. Þorri Íslendinga hefur áhuga á sagnaarfi okkar, og auk þess fjölmargir utan landsteinanna. Íslenskar fornþókmenntir eru víða kenndar í háskólum erlendis, út koma nýjar þýðingar og rata til forvitinna lesenda. Og þessar þókmenntir koma víðar við í samtímanum en við gerum okkur kannski grein fyrir. Við getum víða séð skemmtileg merki um áhrif frá fornaldarsögum, eddukvæðum og Íslendingasögum í sjónvarpsþáttum og sögulegum skáldskap, tölvuleikjum og myndasögum, þungarokki og rappi. Við skulum alls ekki segja skilið við hefðbundnari heim fræðanna – og stendur þá nærri að nefna ráðstefnur og fyrirlestra. Fræðafólk á hins vegar að vera boðið og búið að miðla sinni þekkingu, í samvinnu við aðra ef því er að skipta og með ólíkum leiðum. Blessunarlega eru mörg dæmi um það, dæmi sem hafa má til eftirbreytni. Og vonandi auðnast fræðafólki ytra að sinna áfram okkar sagnaarfi, merku framlagi Íslendinga til heimsmenningarinnar.

Auk þess er nauðsynlegt að fræðafólk láti til sín taka í opinberum umræðum um sögu, arfleifð og uppruna vegna þess að valdhafar og ráðandi fylkingar leitast ætíð við að nýta liðna tíð í þágu eigin málstaðar. Þetta eru auðvitað engin tíðindi. „Sagan var valdataeki, þá sem nú,“ sagði Guðrún Nordal nýlega um sagnaritara Sturlungaaldar. Og fræg eru þau orð í formála eins handrits Landnámu að hægara sé að afsanna þau brigsli „að vér séum komnir af þrælum eða illmennum, ef vér vitum víst vorar kynferðir sannar“. Löngu síðar, í þeirri sjálfstæðisvakningu sem hófst á Íslandi á níttjándu öld, stöppuðu skáld, menntamenn og aðrir leiðtogar svo stálinu í fólk með frásögnum af sjálfstæðri, einhuga og norrænni þjóð sem nam ný lönd, mótaði blómlegt, sannkristið samfélag og skóp okkur magnaðan menningararf. Annars staðar á Norðurlöndum var einnig talið að hér væri upphafleg sjálfsmynd norrænna manna varðveitt, og þannig kynt undir norrænni þjóðerniskennd. Já, hér sáu norrænar þjóðir rætur sínar.

Nú um stundir eigum við að vita meira en þá um þessar rætur, þetta samfélag og þessa menningu fyrri alda. Við eigum að vita að uppruni okkar var fjölbreyttur og sagnaarfurinn með séreinkennum en alþjóðlegu yfirbragði sömuleiðis. Ekkert verður til í tómarúmi. Við eigum að vita að misrétti og harðbýli einkenndi allt eins mannlífið og menn höfðu ekkert endilega það sem sannara reyndist heldur það sem hentaði höfðingjum. „Sagnaritararnir einblína á norskan uppruna landnámsfólksins en leitast við að varpa skugga á persónur frá öðrum menningarheimum,“ skrifaði Bergsveinn Birgisson í *Leitinni að svarta víkingnum*. Já, góðir áheyrendur, ef við viljum nota sagnaarfinn til að kynda undir norrænni þjóðerniskennd skulum við benda á þetta allt saman, fjölbreyttar rætur og fjölmenningu og vítin til að varast; við skulum benda á mikilvægi umburðarlyndis og mannúðar í stað harðýðgi og fordóma. Þjóðerniskennd af því tagi félli einmitt vel að þörfum okkar daga, þeim skyldum og sáttmálum um

mannréttindi sem við höfum undirgengist í samfélagi þjóða, og reyndar einnig aldagömlum kristnum gildum.

Kæru vinir: Við skulum njóta fornra sagna, dást að listfengi þeirra sem festu fróðleik og frásagnir á skinn, meta þennan mikla og einstæða menningararf, en benda líka á samhengi, tilgang og notkun – jafnvel misnotkun – í áranna rás. Í þeim anda leyfi ég mér að setja sautjanda alþjóðlega fornsagnaþingið, óska skipuleggjendum til hamingju og öllum þátttakendum góðra og skapandi stunda í ljúfum heimi rannsókna og fræða.